

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 1330 — 282. mál.
3. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um búfjárhald.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Inngangsmálsliður 3. gr. orðist svo: Í lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra er merking orða sem hér segir.
2. 2. mgr. 9. gr. orðist svo:
Sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði vegna handsömunar og vörslu búfjár skv. 1. mgr., þ.m.t. vegna fóðrunar og brynningar. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.
3. Á eftir 1. mgr. 14. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Brot skv. 1. mgr. varða mann refsíabyrgð ef þau eru framin af ásetningi.